

Mál nr. 171/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Stjórnandi vörubifreiðar slasaðist er hann var að draga inn vökvaknúinn stuðningsfót.****Gögn.**

Málskot, móttakið 1.6.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.6.2016.

Málsatvik.

Hinn 29. janúar 2014 mun M hafa verið stjórnandi vörubifreiðar (A) með áföstum krana sem knúinn var af aflvél bifreiðarinnar. M vann þá við að draga inn stuðningsfót hægra megin fyrir aftan stýrishúsið. Varð hann þá fyrir meiðslum, en atvikinu er lýst svo í tjonstilkynningu til V: „Hinn slasaði var að stjórna hleðslukrana, lokið hafði verið við að lesta bifreiðina, var að draga upp og inn vökvastuðningsfót kranans þegar stjórnandi klemmdist á hægri framhandlegg ofan úlnliðs, á milli slönguarms og útdragsarms fyrir stuðningsfót kranans. Við það brotnar önnur pípa handleggsins.“

A er vátryggð samkvæmt lögboðnum ökutækjetryggingum hjá V, þ. á m. slysatryggingu ökumanns og eiganda. M hefur krafist bóta úr slysatryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1998 um breyting á þeim, skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki sem skylt er að ábyrgðartryggja skv. 91. gr. tryggður sérstakri slysatryggingu og skal vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að aðila greini á um málsatvik heldur um það hvort atvikið falli undir gildissvið slysatryggingarinnar. Þannig verður ekki séð að brigður séu á það bornar að þegar slysið varð hafi M sem stjórnandi A verið að draga inn einn af stoðfötum bifreiðarinnar í kjölfar þess að lokið var við að lesta hana. Stoðfæturnir eru áfastir bifreiðinni og ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að þeir hafi verið tengdir aflvél hennar. Á þann hátt eru þeir fyrir tilstilli vélarafis bifreiðarinnar dregnir út og ganga svo niður til að fastskorða bifreiðina í ákveðinni stöðu t.d. meðan hún er lestuð eða losuð með hleðslukrananum eins og raunin var í því tilviki sem hér um ræðir. Á sama hátt eru fæturnir dregnir inn aftur. Voru stoðfæturnir því órjúfanlegur þáttur í notkun A sem vörubifreiðar þegar hún var lestuð umrætt sinn með notkun hleðslukranans. Verður að telja að það verk sem M vann við þegar slysið varð, þ.e. að draga inn einn stoðfótinn að lokinni lestun, hafi því hlotist af notkun A sem vörubifreiðar og af þeim sökum sé slysið sem hann varð fyrir bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi. Er því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vörubifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.